

55. Stjórnarfundur Nýheima 7. 10. 2015 kl. 8:00

Fundarstjórn: Davíð Arnar Stefánsson

Ritari: Vilhjálmur Magnússon

Mætt: Helga, Ragnhildur, Kristín, Nína, Vala, Vilhjálmur, Fanney, Eyjólfur, Hrafnkell og Davíð

Forfölluð: Olga Ingólfssdóttir, Þorvarður Árnason


Efni:

- Upp og ofan – Davíð gerir grein fyrir sínum störfum undanfarnar vikur.
- Heimsókn í MMR – Davíð og Eyjólfur
Hittu Þórarinn Sölmundarson, Sunnu Viðarsdóttur og Helga Freyr. Fóru yfir starfið á liðnu ári, áherslur og árangur. Það sem skiptir mestu máli er að samningurinn gildir frá 2014 til 2016 og því til endurskoðunar í upphafi næsta árs. Það er vilji að framlengja samningnum, spurning um hvort að það séu nýjar áherslur. Jákvætt andrúmsloft yfir fundinum og ráðuneytið hafði farið yfir ársreikninginn, starfsáætlun og stefnu og gefið ágætis einkunn í minniblaðis.
- Heimsókn í Hugheima – Davíð, Eyjólfur og Vilhjálmur
Hugheimar er frumkvöðlasetur í Borgarnesi. Haraldur Reynisson frá KPMG tók á mótí hópnum. Ríkið rekur bygginguna og þar voru ónýtt rými í húsinu en að frumkvæði Haraldar var sett á stofn frumkvöðlasetur. Í dag er um 6-7 frumkvöðlar í rýmnum. Frumkvöðlarnir eru mjög mismunandi og eru skapandigreinar mjög áberandi. Eyjólfur telur að við ættum að hlúa betur að frumkvöðlum hér heima, bæði í Nýheimum og í Vöruhúsinu. Það var mjög ánægjulegt að koma þarna og mikil jákvæðni varðandi verkefnið. Einn þátttakandinn er búinn að búa til samtök um ungt fólk í skapandi greinum, þau halda ráðstefnu sem kallast Ráðstefnuhlé. Þau leggja mikla áherslu á að fá miðju í húsið þar sem fólk getur komið saman og spjallað um verkefnin.

Umræður:

Fanney ræddi að frumkvöðlanefndin er að huga að aðstöðu fyrir frumkvöðla í Nýheimum og í Vöruhúsinu. Rætt var við Björn Inga og var hann mjög jákvæður fyrir að bjóða upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla.

Ragnhildur ræddi um hrókeringar varðandi herbergi til þess að koma frumkvöðlum



inn í húsið. Eyjólfur talaði um að það sé ekki til vettvangur fyrir fólk í skapandi greinum.

Er hægt að nýta föstudagshádeginn eða klasakaffi til þess að koma fólki saman til umræðna?

Rætt var um að koma frumkvöðlum saman miðvikudaginn 14. október í hádeginu.

Önnur mál.

Sorpmál

Eyjólfur tekur upp þráðinn varðandi sorpmál í Nýheimum. Eyjólfur fór yfir málin og kostnaðinn með Birni Inga. BIJ talaði um að málið þyrfti að fara fyrir bæjarráð. Eyjólfur telur að starfssemi í húsinu ætti að hafa fjárhagslegt sjálfstæð. Eyjólfur ætlar að ræða við Björn Inga um framhaldið.

Eyjólfur óskar eftir að Nýheimar sé sálfstæð eining og talar um að FAS greiði um eina milljón á mánuði til rekstursins. Vala segir það að rammi Nýheima sé inn í rekstri Hornafjarðarsafna. Vala talar einnig um að það þurfi að biðja um þetta sjálfstæði. Ragnildur talar um að við höfum ekki verið tilbúin í þetta sjálfstæði, en núna erum við komin á þann stað í dag. Nú gæti verið kominn tími til að búa til rekstrareiningu. Ragnildur segir að Nýheimar skipta bæjarstjórn miklu máli. Vala segir tímabært af fara yfir þessi mál. Kristín talar um kostnað og talar um leiguverð. Helga talar um rekstrarfyrirkomulagið sé svo flókið.

Eyjólfur veltir fyrir sér hvort Nýheimar eigi að taka alfarið yfir reksturinn. Fanney segir að það sé búið að kalla eftir rauntölum varðandi reksturinn frá Sveitarfélaginu, en þær upplýsingar hafa ekki fengist.

Vala segir að það þurfi að opna viðræður við BIJ og fjármálastjórann og fá sundurliðun og hvernig er best að framkvæma þessa hluti.

Þrif

Ragnildur vildi ræða um þrif á salernum. Vala talar um að það þurfi að skerpa á þrifum. Fanney segir að þrifin séu óásættanleg og þurfi að laga. Vala talar um að það þurfi að snyrta lóðina á vori og hausti.


SASS nýr starfsmaður

Fanney talar um að það sé ekki búið að ráða nýja manneskju en spurning um að fá Eirný Valsdóttir á Kirkjubæjarklaustri til sitja stjórnarfundir Nýheima. Fanney tala um að það séu sex umsóknir en tvær sem tengjast hingað á Hornafjörð.

Vilhjálmur talaði um bókanir í húsið vegna tónilstarviðburði.

Nefndin kveður Fanney og þakkar fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið 9:35



Ásbjörn Magnússon